

2004

Þriðjudaginn 4. júní 1996.

Nr. 211/1996.

Rannsóknarlögregla ríkisins

gegn

Guðjóni Knútssyni

(Jóhannes Rúnar Jóhannesson hdl.)

Kærumál. Gæsluvarðhald, 2. mgr. 103. gr. l. nr. 19/1991.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Markús Sigurbjörnsson, Gunnlaugur Claessen og Arnljótur Björnsson.

Sóknaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 30. maí 1996, sem barst réttinum ásamt kærumálgögnum 3. júní 1996. Kæruheimild er í 1. mgr. 142. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Sóknaraðili krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi og varnaraðila gert að sæta gæsluvarðhaldi allt til föstudagsins 12. júlí 1996 kl. 16.00.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar, en til vara, að gæsluvarðhaldi verði markaður skemmri tími.

Ekki eru efni til að fallast á kröfu um gæsluvarðhald yfir varnaraðila með stoð í röksemdum sóknaraðila, sem varða andlega heilsu varnaraðila, enda eru önnur úrræði að lögum til að sporna við hættu af því tilefni. Með þessari athugasemd verður hinn kærði úrskurður staðfestur með vísan til forsendna hans.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 29. maí 1996.

Rannsóknarlögregla ríkisins hefur krafist þess, að gæsluvarðhald yfir Guðjóni Knútssyni, kt. 271052-3599, verði framlengt allt til föstudagsins 12. júlí nk.

Með úrskurði, upp kveðnum 7. maí sl., var kærða gert að sæta gæsluvarðhaldi til kl. 16.00 í dag og jafnframt að sæta geðrannsókn. Kærði er grunaður um íkveikju í risi hússins nr. 19 við Bárugötu aðfaranótt 7. maí. Kærði hefur í skýrslum hjá lögreglu og fyrir dómi sagt, að hann hafi ætlað að svipta sig lífi.

Rannsókn máls þessa er á lokastigi. Kærði hefur játað brot sitt. Þá hefur

Guðmundur Gunnarsson verkfræðingur gert athugun á almannahættu vegna brunans. Í niðurstöðu hans segir m. a.: „Um augljósa almannahættu hefur verið að ræða, að því er varðar skemmdir á íbúðinni í risinu ásamt innanstokksmunum, bæði af völdum elds, reyks og slökkviaðgerða, og á sameigninni, einkum af völdum reyks og slökkviaðgerða. Vaktmaðurinn setti sig í verulega hættu við að bjarga brennumanninum út úr íbúðinni. Aðrir íbúar voru ekki í teljandi hættu vegna réttra viðbragða varðmanns, en án hans aðstoðar hefur verið talsverð hætta á ferðum fyrir íbúana, einkum þá, sem búa á 2. hæð.“

Lögregla styður kröfu sína við 2. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991 og telur kærða undir rökstuddum grun um brot, er varða kynni við 2. mgr. 164. gr. almennra hegningarlaga. Telur hún framhald gæsluvarðhalds nauðsynlegt með tilliti til almannahagsmuna.

Verjandi kærða mótmælti kröfunni. Taldi hann vafasamt, að brot kærða yrði heimfært til 164. gr., en almannahætta hefði ekki stafað af broti hans. Því væri engin nauðsyn á varðhaldsvist skv. 2. mgr. 103. gr.

Niðurstaða.

Ekki verður fallist á það með lögreglu, að almannahagsmunir krefjist þess, að kærða verði haldið áfram í varðhaldi. Rannsókn málsins er því sem næst lokið, og brotið sýnist ekki vera þess eðlis, að rétt sé að beita heimild 2. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991 til áframhaldandi gæsluvarðhaldsvistar. Verður kröfu lögreglu því synjað.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Hafnað er kröfu Rannsóknarlögreglu ríkisins um framlengingu gæsluvarðhaldsvistar Guðjóns Knútssonar.
